

Fundargerð 137.fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 24. febrúar 2023 á Teams og hófst hann kl 9:30.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Ragnar Sigurðsson, Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson. Helgi Hlynur Ásgrímsson afboðaði sig og mætti Eyþór Stefánsson sem varamaður í hans stað. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 135.

- Fundargerð stjórnar Austurbrúar nr 135 var samþykkt af stjórn og verður undirrituð rafrænt

2. Undirbúningur aðal- og ársfundardags og tengda viðburða

- Framkvæmdastjóri lagði fram drög að skipulagi ársfundar Austurbrúar. Stefnt er að því að fundurinn verði haldinn 3.maí.

3. Staða ýmissa samningamála

- Ýmsir samningar vegna verkefna 2023 - Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna samninga fyrir árið
- Kjarasamningsumboð til Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir Austurbrú - Stjórn fól framkvæmdastjóra að undirrita umboðið.
- Úthlutun úr Hvatasjóði Seyðisfjarðar - Framkvæmdastjóri sagði frá úthlutun ársins. Úthlutað var 55 milljónum og er þetta síðasta úthlutunin úr Hvatasjóði í þessu þriggja ára verkefni. Sagði hún mörg áhugaverð verkefni hafa fengið styrki og benti í því samhengi á frétt á heimasíðu Austurbrúar.

4. Önnur mál sem tengjast starfsemi Austurbrúar

- Ráðningarferli - Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að ráðningarferli nýs framkvæmdastjóra Austurbrúar sem unnin var á grunni umræðna síðasta fundar sem og tímalínu og næstu skrefum. Stjórn samþykkir framlagða tillögu og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram á grunni tillögunnar og umræðna á fundinum. Ráðningateymi stjórnar sem vinna mun með ráðningarskrifstofu sem heldur utan um ferlið skipa formaður, varaformaður og formaður fagráðs.
- Næsti fundur - Breyting verður á næsta fundi sem verður á Vopnafirði. Stefnt er að næsta fundi mánudaginn 13. mars kl 13:30.
- Dreifing fundadagskrár - Óskað var eftir því að dagskrá funda yrði framvegis send á bæði varamenn og aðalmenn.

Ekki fleiri mál á dagskrá fundi sltið kl 11:00